

KARLAR

Þegar strákarnir tölvu-væða

Málið var það, að mig vantaði skráfráir. Í hvelli. Þetta var á laugardegi. Ég upp í bílinn — á inniskónum auðvitað — og af stað í næstu byggingavörusvslun. Átlaði að vera í fimm mínútur. — Jæja. Auðvitað varð ós í versluninni. Laugardagur. Allir að dytta að. Þeir eða fjórir á undan mér við kassann. — Má ég fá nafnnúmer eða kennitölu — það maðurinn við kassann. Sá fremsti í röðinni tuldraði eitthvert svar, og maðurinn byrjaði að pikka á tölvuna. — Ég kannadist við hann úr Vesturbænum. Hann hafði lengst af verið smíður. Einn af þessum hæglátu og ljúfu, eins og reyndar títt er um smíði. Eflaust hafði bakið gefið sig. Þess vegna sat hann nú við kassann í byggingavörusvslun. Eins konar ráðgefiandi kassavörður. — Hann notaði tvo fingur, stóra og svífa-seina, þrúna af ævilangri barsmið. Einhvern veginn fannst mér þeim mundi láta betur að handleika hamar en berja tölvutakka. — Ég þarf líka að fá heimilisfangið, sagði hann nú. Ertu ekki í reikningi? Svei mér þá. Þetta er eins og þriðju gráðu yfirheyrsla, hugsaði ég. Hvað vill hann vita næst?

Á hinum enda borðsins byrjaði nú prentarinn að gubba út úr sér kvittuninni. Í tvíriti. Stórt blað, mikið lesefni, en útkoman kr. 60. Nú var röðin komin að næsta kúnna. Svei mér þá, hann var líka í reikningi. Og enn var beðið um kennitölu og heimilisfang. Flett upp á númeri vörunnar, og eftir langa mæðu þóknaðist prentaranum að gubba út úr sér kvittuninni, kr. 420. Ég var nú farin að ókyrrast. Reyndar var ég líka í reikningi, en ég fór að leita í vösunum. Átti ég ekki þessar andsk. kr. 204, sem skráfráirnið kostaði, í beinhörðum peningum? Ég fann fimmhundruð kalli í buxnavöðunum og sagði við sjálfa mig, að það mundi þó ekki standa á mér, þegar þar áð kæmi. — Kúnninn á undan mér borgaði með Visa. Það reyndist hinum hrjúfu smíðsringum ofraun. Auk þess stóð Visaapparatið á sér. Blaðið krumpaðist, og allt fór í skral. Af hverju borgar fólk bara ekki með peningum, spurði ég sjálfa mig. Af hverju þurfum við að gera alla hlúti svona flókna? Þetta er tölvunum að kenna. Þetta var miklu einfaldara áður fyrr. Ein stillabók og blýantur.

Jæja, hvað um það. Nú var röðin lokins komin að mér. Enda var ég búin að vera fullar fimm mínútur að sækja þetta litla skráfráir. — Gjörðu svo vel, sagði ég kankvís og lagði fimmhundruð króna seðil á búðarborðið. Fyrst leit þessi gamli þúsundþjalasmíður á seðilinn, síðan á mig, og svo aftur á seðilinn. Ég get ekki skipt, Bryndis mín. Fimmhundruð krónur. — Áttu ekkert í kassanum, spurði ég. — Nei, ekkert í kassanum. Ég verð að fara fram á skrifstofu og fá þessu skipt. — Og hann stóð upp, tók fimmhundruð krónurnar og labbaði sér yfir í hinn enda verzlunarinnar. Þar hvarf hann inn á skrifstofu. Nú gerðist röðin fyrir aftan mig heldur óróleg, enginn að afgreida lengur. Gott ef þeir litu mig ekki hornauga. Hvað var ég að flækja málið? — Eftir óratíma kom hann aftur, þessi elska. Enn með fimmhundruð krónurnar í höndunum. — Það getur enginn skipt þessu. Þú verður bara að borga seinna og rétti mér seðilinn. — Ertu ekki í reikningi annars? — Jú, jú, en ég vil heldur borga seinna, hrópaði ég og forðaði mér út um dyrnar.



eftir Bryndis Schram



BRÚÐHJÓN VIKUNNAR

Brúðkaupum slegið saman

Brúðhjón vikunnar að þessu sinni eru Lilja Sveinbjörnsdóttir og Sigurdur Pálsson til heimils í Espigerði 6 í Reykjavík.

Lilja er 25 ára gamall hár-greiðslumeistari og er með Hár Gallerí á Laugaveginum. Sigurdur er 23 ára gamall bílasali hjá BÍlasölu Reykjavíkur. „Það var nú svolítið skrytið hvornig við kynntumst, því við Sigríður systir mín bjuggum saman í búð og hún kynntist Sigurði og vinahópi hans. Þeir komu svo í parti til okkar og hann heillaði mig strax. Það má segja að það hafi verið ást við fyrstu sýn,“ segir Lilja.

„Hálfum mánuði seinna hittumst við aftur í Hollywood og þá byrjuðum við að vera saman. Þetta var samt dálítið erfitt í fyrstu, við vorum svo ung, hann aðeins 17 ára og ég tvítug. En síðan eru liðin rúm sex ár og nú höfum við stigið skrefið. Í millitíðinni fæddist okkur sonurinn Andri Páll Sigurdsson sem er nýorðinn þriggja ára,“ segir Lilja enn fremur.

Það æxlaðist þannig, að Sigríður systir Lilju hafði kynnst manni, Frímanni Ægi Frímannssyni og þegar þau Lilja og Sigurdur sögðu þeim að þau ætluðu sér að ganga í það heilaga, var svarið: Ha, nei er það? Við líka! Það var ákveðið að slá brúðkaupunum saman og setja það á um sama leyti og foreldrar þeirra systra átta 25 ára brúðkaupsafmæli. „Ágúst hefur líka alltaf heillað mig,“ segir Lilja, en fólkid var gefið saman í hjónabönd 12. ágúst í „yndislegu veðri“. Dagurinn byrjaði á því að þær

systur fóru á hárgreiðslustofu Lilju og snyrtistofuna við hliðina. Létu greiða sér þar og snyrta. Síðan sóttu þær (!) brúðarvendina og óku síðan í Mosfellsbæ til foreldra sinna og klæddu sig. Herrarnir sluppu einhverra hluta vegna við að sækja brúðarvendina og reyndu þeir að hafa ofan af fyrir sér meðan stúlkurnar stóðu í ströngu. Tveir borðalagðir bensar með halarófur af skröltandi dósnum voru á þönu og fluttu svo dómurnar til Háteigskirkju, þar sem sr. Tómas Sveinsson gaf brúðhjóni saman. Trompetleikur var áberandi meðan á athöfninni stóð, leikin voru löggin „Hvert lítið spor“ og „Ó þú“, auk þess sem brúðarmarsinn var blásinn úr trompet.

Að athöfn og myndatöku lokinni var haldin 150 manna veisla í agogershúsinu og „það var æðisleg veisla með mat, kaffi, kampavini, hrisgrjónum og öðru tilheyrandi. Þegar veislan var búin fórum við heim og þar var búid að skreyta allt saman hátt og lágt með blöðrum. Daginn eftir fórum við í sumarhúsið við Þingvallavatn með systur minni og hennar manni. Þar vorum við í þrjá daga og það var frábært. Stutt í kvöldverðin í Valhöll og svo vorum við að veiða í vatninu og svoleiðis,“ segir Lilja. En hún segir þá ferð ekki hafa verið raunverulegu brúðkaupsferðina, „við snerum þessu við, fórum í tveggja vikna ferð til Majorca í júlí.“

VEIÐISKAPUR

Hétu pela af viskii fyrir hvert pund...

Nú þegar rjúpnaveiðitímmin stendur sem hæst og áhugamenn velta vöngum yfir veiði og horfum, er forvitnilegt að hitta að máli mann sem að leggur allt frá sér frá því að gæsaskyterí hefst á haustin og uns rjúpnaskyterí lýkur laust fyrir jól, og helgar sig skotveiði. Lifir af henni meðan að hún stendur. Þessi maður heitir Ásgeir Heiðar og er eins nærri því að vera atvinnumaður í sportveiðiskap og hægt er að verða hér á landi. Hann er svokallaðar staðarleiðsögumaður við metveiðanna Laxá í Kjós á sumrin og tvo mánuði á haustin og snemma vetrar helgar hann sig skotveiði. Þá er hann kominn á sjötta mánuð. Á veturna hnýtir hann síðan veiðiflugur sem hann selur sportveiðiverslunum, fjölskyldu sinni til búbotar. Hvað segir Ásgeir Heiðar?

„Ég segi bara allt fínt, ég hef stundað þessa skotveiðimennsku í 18 ára, þetta tvo mánuði á ári, frá því gæsaveiðin byrjar og þar til á rjúpnaveiðinni lýkur. Ég missi af

fyrstu vikunum í gæsinni út af laxveiðitímanum sem stendur fram í september, en næ þessum tíma með því að skjóta rjúpu til vertíðarloka. Ég hef verið með veiðidellu frá því ég man eftir mér og finnst það miklið lán að geta haft tekjur af mínu hjartans áhugamáli.“ En hvað veiðir hann mikið að jafnaði á þessum tveimur mánuðum eða svo? „Meðalveiði er þetta 200 gæsir og 500 rjúpur og ég sel hvern fugl sem bodlegur er. Gamla gæs læt ég aldrei frá mér.“ En hvort sportið er nú skemmtilegra, gæsa- eða rjúpnaskyterí? „Þau eru svo ólík að það er eiginlega varla hægt að gera upp á milli. Annars vegar er gifurlegur hasar og spennan í gæsaskyteríinu, sérstaklega í morgunfluginu, en rjúpnaskyteríið er mikið fríðsælla, göngur um fjöll og firnindi og rjúpan oft miklu gæfari og auðveidalegri þótt það sé ekki alltaf svo. Það er alveg það sama uppi á teningnum í lax- og silungsveldi sem ég stunda einnig í rikum mæli, laxveiðin svarar



Ásgeir Heiðar með tikina Nóru sem er hans hægri hönd við skotveiðarnar.

til gæsaveiðanna, en silungsveldin til rjúpnaveiðanna.

Ásgeir Heiðar er fyrsti „staðarleiðsögumaðurinn“ við íslenska laxveiðiá. Hvað þýðir það eiginlega? „Það þýðir ofur einfaldlega að ég er til taks fyrir alla sem í ánni veiða hverju sinni. Þetta er nýjung við íslenskar laxveiðiar og hefur mælst vel fyrir. Ég fer með ánni á veiðitíma, lít við hjá mönnum og athuga hvort ég get orðið að líði, bent á tökustaði, líklegar flugar og þess háttar. Það komu afar fáir fisklausir úr ánni síðasta

sumar og eftir 20. júní aðeins einn þá daga sem ég var við ána. Og þessi eini fékk þó stóran sjóbirting. Ég átti hins vegar fri í sex daga og veit ekki hvornig þetta fór þá. Þetta er ekkert mér einum að þakka, þarna eru fleiri leiðsögumenn, mjög hæfir, veiðivörður sem leiðbeinir auk þess sem einn leigtaka er oft á ferðinni og liðsinnir sé eftir því leitad. Hvergi er mönnum því hjálpað jafn mikið við veiðarnar og í Laxá í Kjós,“ segir Ásgeir. Hann er að lokum beðinn að skjóta með einni sögu frá síðasta sumri sem sýni gildi staðarleiðsögumannsins. Ekki stendur á svarinu:

—Síðumars voru hjón að veiða í ánni. Frúin hafði aldrei veitt lax og þegar síðasti morguninn rann upp hafði hann dregið nokkra en hún engan. Væntingarnar höfðu verið töluverðar og vonbrigðin voru því nokkur. Þau leituðu til mín og ég fór með þau í Kvíslafoss. Það var aðeins hálf tími eftir af veiðitímanum, en karlinn sagðist heita á mig einum pela af viskii fyrir hvert pund sem Maríulaxinn viktadi. Spurningin í Kvíslafossi er HVAR á að renna agninu. Þetta sýndi ég þeim og Maríulaxinn var 12 punda nýgengin hrygna. Að sjálfsögðu fallagasti lax í heimi og frúin dansaði stríðsdans er laxinn lá á bakkanum. Næstu helgi óku þau síðan upp í Kjós og áttu við mig erindi. Erindið var að færa mér hálfan kassa af viskii og um kvöldið var þeim boðið í glas sem það kærdi sig um í veiðihúsinu.“

FJÖLMÍDLAFRÆÐI

Kynniferð til Moskvu

Hópur af háskólanemum í hagnýtri fjölmíðlun fór á dögum til Moskvu í námsferð með kennara sínum Elíasi Héðinssyni. Slíkar ferðir til útlanda eru reglulegur viðburður í fjölmíðlafræðinni en þetta er í fyrsta skipti sem ferðir eru til Moskvu. Dagskrá ferðalagsins var fjölbreytt, ferðir var í skoðunar-



Fjölmíðlafræðinemar á Rauða torginu.

ferðir og sovéskir fjölmíðlar skoðaðir, t.d. var rætt við einn af ritstjórum *Prövdú*. Að sögn Kristins

Hrafnssonar eins ferðalanganna var ferðin fjármögnuð með fjársöfnun og námslánum.